

## UPPGJÖR MJÓLKUR FYRIR VERÐLAGSÁRIÐ 2004/2005

Á verðlagsárinu 2004/2005 nam mjólkurframleiðslan 111.351 þús. lítrum. Greiðslumark verðlagsársins var 106.000 þús. lítrar. Umframmjólk verðlagsársins varð því 5.321 þús. lítrar. Í febrúarmánuði 2005 hafði stjórn SAM óskað eftir að kaupa 4,5 millj. ltr. af umframmjólk á verðlagsárinu 2004/2005. Mánuði seinna, þ.e. í mars, bætti stjórnin við 2 millj. ltr. við fyrra magn. Samanlögð ósk SAM um umframmjólk á verðlagsárinu 2004/2005 var því 6,5 millj. ltr. Mjólkinni skyldi ráðstafað á innanlandsmarkaði. Greiðslur fyrir umframmjólkina skyldu nema próteinhluta afurðastöðvaverðs, eða 75% afurðastöðvaverði. Í ársskýrslu SAM fyrir árið 2004 kom eftirfarandi skýring fram vegna umframmjólkurkaupa verðlagsársins 2003/2004;

*“ Við umframmjólkuruppgjörið 2003/2004 fór fram, í fyrsta sinn, ráðstöfun sem tók mið af skiptingu próteinhluta umframmjólkur á innanlandsmarkað annars vegar og til útflutnings hins vegar. Gert var ráð fyrir að próteinhluti fyrir áður ákveðnar 3 millj. ltr. umframmjólkur yrðu nýttar á innanlandsmarkaði og afgangurinn, um 1,73 millj. ltr. færu því til útflutnings. Uppgjör gagnvart framleiðendum fór fram skv. áður útgefnum reglum um forgang nýtingar hvers greiðslumarkshafa og nýtingu umframmjólkureigenda á ónýttum rétti annarra.*

### UPPGJÖR MJÓLKUR FYRIR VERÐLAGSÁRIÐ 2004 / 2005

Afurðastöð / aðili	Umframmjólk	Framl.gj.	Vöntun vegna	Samtals vegna	STAÐA:
	2004 / 2005	gr. til SAM	Smjörútlutnings og annarar ráðst.	umframmj. 04/05	SKULD
	LTR	Kr / Ltr	Kr / Ltr	Kr / Ltr	( INNEIGN )
		11,04	3,40	14,44	Kr.
MS / MBF Reykjavík	1.024.900	11.316.487	3.483.125	14.799.612	14.799.612
MS / MBF Búðardal	301.967	3.334.184	1.026.235	4.360.420	4.360.420
Mjólkursamlag Ísfirðinga	25.274	279.064	85.894	364.958	364.958
MS / MBF Blönduósi	96.332	1.063.655	327.385	1.391.039	1.391.039
Mjólkursamlag KS Sauðárkróki	260.974	2.881.558	886.921	3.768.479	3.768.479
Norðurmjólk ehf. Akureyri	1.313.047	14.498.077	4.462.393	18.960.470	18.960.470
Mjólkursamlag Vopnfirðinga	82.714	913.291	281.104	1.194.395	1.194.395
MS / MBF Egilsstöðum	116.448	1.285.767	395.749	1.681.515	1.681.515
MS / MBF Selfossi	2.130.065	23.519.225	7.239.030	30.758.255	30.758.255
Útflutningsreikningur SAM					(77.279.144)
	5.351.721	59.091.308	18.187.835	77.279.144	0

*Fyrir 3 millj. ltr. umframmjólk var greiddur próteinhluti afurðastöðvaverðs, eða 32,03 kr/ltr. Fyrir þá umframmjólk sem fór til útflutnings, eða um 1,73 millj ltr. var greitt 7,44 kr/ltr umframmjólk. ”*

Breyting varð á þessari ráðstöfun þar sem ákveðið var að hætta við hluta af fyrirhuguðum útflutningi mjólkur vegna framleiðslu-, sölu- og birgðaaðstæðna. Próteinhluti þess magns sem ekki var fluttur út var gerður upp með sérstakri greiðslu til eigenda umframmjólkurinnar.

Uppgjör verðlagsársins 2004/2005, var staðfest með undirskrift fulltrúa SAM, Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda, 2 nóvember 2005.

Endanlegt uppgjör útflutnings á smjöri innan greiðslumarks 2004/2005 fór fram. Jafnframt var gerð áætlun vegna útflutnings á greiðslumarkssmjöri fyrir verðlagsárið 2005/2006. Innheimtuáætlun gerir ráð fyrir um 208 millj. kr. innheimtupörf. Rétt er að geta þess að greiðslumark var hækkað á árinu úr 106 í 111 millj. ltr., og því mun tilflutningur innheimtu/uppgjörs flytjast að verulegu leiti á milli umframmjólkuruppgjöra og uppgjöra á greiðslumarkssmjöri í komandi framtíð.

**FYRIRFRAM INNHEIMTA VEGNA ÚTFLUTNINGS  
GREIÐSLUMARKSSMJÖRS  
2005 / 2006**

Afurðastöð / aðili	Greiðslumark 2005 / 2006 LTR	Innheimt vegna 05/06 kr/ltr 1,88
MS/MBF Reykjavík	12.833.362	24.130.173
MS/MBF Búðardal	6.951.082	13.069.904
Mjólkursamlag Ísfirðinga	1.515.276	2.849.127
MS/MBF Blönduósi	4.038.728	7.593.895
Mjólkursamlag KS Sauðárkróki	10.653.013	20.030.531
Norðurmjólk ehf. Akureyri	27.863.290	52.390.482
MS/MBF Vopnafirði	790.728	1.486.781
MS/MBF Egilsstöðum	3.617.690	6.802.231
MS/MBF Selfossi	42.539.176	79.985.096
Útflutningsreikningur SAM		<b>(208.338.221)</b>
	<b>110.802.345</b>	<b>0</b>

Að loknu verðlagsári 2005/2006, fer fram fullnaðaruppgjör vegna þessa, en af eðlilegum ástæðum ræðst afkoma útflutnings af markaðsverðum erlendis annars vegar og gengi íslensku krónunnar hins vegar. Sveiflur geta orðið miklar í þessum þáttum og afkoma útflutnings því breytileg skv. því.